



Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 6/2017.
Dagsetning og tími: 13. júlí 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerðar dags. 10. maí 2017.
2. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. apríl 2017 – umsóknir um greiðslu atvinnuleysistrygginga (málsnr. 1704321) (var á dagskrá grisjunarráðs 10. maí 2017).
3. Grisjunarbeiðni Landsnets dags. 3. maí 2017 – umsóknir um sumarstörf (málsnr. 1705016).
4. Grisjunarbeiðni Landsnets dags. 3. maí 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1705017).
5. Tilkynning Landsnets á rafrænu gagnkerfi dags. 3. maí 2017, ákvörðun um grisjun – Facebook Workplace (málsnr. 1705024).
6. Tilkynning Landsnets á rafrænu gagnkerfi dags. 3. maí 2017, ákvörðun um grisjun – rafræna gangakerfið RoVi (málsnr. 1705028).
7. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 4. maí 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1705008).
8. Grisjunarbeiðni Landspítalans dags. 24. maí 2017 – röntgenmyndir (málsnr. 1705089).
9. Tillaga um varðveislu og grisjun þrotabúa dags. 11. júlí 2017 (málsnr. 1706044).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

Í upphafi fundar óskaði Njörður Sigurðsson eftir dagskrárbreytingu á þann veg að 9. dagskrárliður um tillögu á varðveislu og grisjun þrotabúa yrði tekið fyrir sem 2. dagskrárliður. Samþykkt samhljóða.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 10. maí 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 10. maí 2017 samþykkt og undirrituð.



2. Tillaga um varðveislu og grisjun þrotabúa dags. 11. júlí 2017 (málsnr. 1706044).

Farið var yfir tillögu að varðveislu og grisjun þrotabúa sem hafin er undirbúningur að í Þjóðskjalasafni Íslands. Lagt er til að skjöl þrotabúa sem hafa sögulega þýðingu, s.s. fundargerðir, bréf, samningar, ársreikningar og þess háttar skjöl verði ávallt varðveitt. Bókhaldsskjöl verði grisjuð úr skjalasöfnum þrotabúa en sýnishorn þeirra verði varðveitt úr þrotabúum sem eru 40 hillumetrar eða stærri að umfangi og nemi sýnishornatakan ekki minna en 5% af heildarumfangi bókhaldsskjala í hverju þrotabúi. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. apríl 2017 – umsóknir um greiðslu atvinnuleysistrygginga (málsnr. 1704321) (var á dagskrá grisjunarráðs 10. maí 2017).

Beiðin var samþykkt. Vinnumálastofnun er heimilt að eyða umbeðnum umsóknum um greiðslu atvinnuleysistrygginga sem ná yfir tímabilið 1997–2014 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn sem nemur 5% af heildarumfangi skjalanna. Hafa skal samráð við Þjóðskjalasafn um sýnishornatöku og til að tryggja jafna og skynsamlega dreifing þeirra í tíma.

4. Grisjunarbeiðni Landsnets dags. 3. maí 2017 – umsóknir um sumarstörf (málsnr. 1705016).

Beiðninni var hafnað. Grisjun starfsúmsókna í opinbert starf getur brotið gegn rétti aðila máls til aðgangs að gögnum máls samkvæmt stjórnáskilum nr. 37/1993 jafnframt sem slík grisjun getur brotið gegn rétti aðila til aðgangs að upplýsingum um hann sjálfan samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012. Þess ber að geta að þar sem réttur aðila máls að gögnum máls er ekki bundinn sérstökum tímamörkum er ekki heimilt að eyða gögnum starfsúmsókna að tilteknum tíma liðnum.

5. Grisjunarbeiðni Landsnets dags. 3. maí 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1705017).

Beiðnin var samþykkt. Landsneti er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2006–2009 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll dagskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókhalds sem innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

6. Tilkygning Landsnets á rafrænu gagnkerfi dags. 3. maí 2017, ákvörðun um grisjun – Facebook Workplace (málsnr. 1705024).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu Facebook Workplace í formi vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnakerfinu eru einnig varðveitt í mála- og skjalastjórnarkerfinu Aski sem þegar hefur verið tilkynntur til Þjóðskjalasafns Íslands.



7. Tilkyning Landsnets á rafrænu gagnkerfi dags. 3. maí 2017, ákvörðun um grisjun – rafræna gangakerfið RoVi (málsnr. 1705028).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu RoVi í formi vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnakerfinu eru flutt yfir í gagnakerfið SarEye sem verður afhent í vörsluútgáfu.

8. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 4. maí 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1705008).

Beiðnin var samþykkt. Háskólanum á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1999–2006 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll dagskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds sem innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

9. Grisjunarbeiðni Landspítalans dags. 24. maí 2017 – röntgenmyndir (málsnr. 1705089).

Beiðnin var samþykkt. Landspítalnum er heimilt að eyða umbeðnum röntgenmyndum sem ná yfir tímabilið 2001–2004 þegar þær hafa náð tíu ára aldri með því skilyrði að ein askja af röntgenmyndum verði varðveitt sem sýnishorn. Forsenda ákvörðunarinnar er að úrlestur á röntgenmyndum er varðveitt í sjúkraskrá.

Fundi slitið kl. 13:15

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)